

Fundargerð 6. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Staðfundur 2. desember kl. 13-16.

Mættir: Halldór Kolbeins, Jens Ruminy, Pétur Gauti Valgeirsson, Jón Páll Baldvinsson, Þór Bínó Friðriksson, Bryndís Kristjánsdóttir, Örvar Már Kristjánsson, Stefán Sveinbjörnsson (að hluta) og Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Næsti fundur: 6. janúar 2025.

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Formaður stýrir fundi. Fundur settur kl. 13:12.

Fundargerð 5. fundar

Engar athugasemdir, fundargerð send til undirritunar.

Verkefni, staðan

Halldór kynnir stöðu á helstu verkefnum.

Fáum kynningu á reiknistokk fyrir verkefnalaun á eftir

Fundað var með SA og Skerpu varðandi mögulegan veikindasjóð. Stærra samtal er í gangi hjá ríkissáttasemjara m.a. varðandi sjóðakerfi, samtal sem á að ljúka í apríl. Við getum ekki beðið eftir að það klárast áður en við hefjum okkar vinnu þar sem leiðsögufólk getur ekki nýtt veikindaréttinn eins og hann er núna. Samtalið heldur áfram á nýju ári.

Formaður og varaformaður settust niður með Guðbirni Guðbjörnssyni varðandi starfsleyfisskylduna. Björn er úti, eigum von á að heyra frá FEG ráðstefnunni fljótlega. Skýrsla ASÍ um vinnustaðaeftirlitið verður líklega birt upp úr áramótum.

Stefnt var að hafa stjórnarfund í janúar um menntun en skýrslan frá BSI á Íslandi verður eflaust ekki til fyrir það svo það verður fært fram í febrúar. Spurning hvort BSI gæti komið á þann fund. Fundir í janúar og febrúar fara í starfsleyfisskylduna en í janúar verður auk þess farið í að fá á hreint hver markmið okkar sem stjórnarfolk séu.

Brýnt að við marka stefnuna. Í Leiðsögn voru tvö félög, nú er hluti af vinnunni komin í VR svo stjórnin getur þá frekar farið í mótunarvinnu. Hvernig viljum við t.d. láta heyra í okkur í umræðu um

ferðapjónustuna, okkar rödd verður að heyrast. Örvar mætir (kl. 13.27). Leiðsögufólk er eitt af framlínustarfsfólki ferðapjónustunnar, sterkur hópur sem á að láta í sér heyra. Áttum áður fast sæti í Ferðamálaráði Íslands, þurfum að vinna okkur aftur á ákveðna staði. Við þurfum að vera samstíga og vanda okkur, gera plan um hvernig við viljum vinna þetta verkefni.

Áður hafði það verið á þann veg að einn talsmaður var „tilnefndur“. Þannig vissi fréttafólk o.fl. hvert skildi leita ef hafa þyrfti samband við talsmann stéttarinnar. Ef við höfum einn talsmann sem vitað er að hægt sé að hringja í og hann tekur upp símann, þá er hringt. Þarf einnig að hafa einn til vara.

Söknuður á félagsþáttinn. Hugmynd kom upp um að halda málstofu, t.d. um menntun leiðsögufólks.

Það þarf að hafa e-s konar fund þar sem þeir er það vilja geta komið á. Ætlum við að hafa félagsfund, fræðslufund, málstofu/vinnufundi þar sem fólk vinnur saman í hópum, morgunfund. Þar væri hægt að taka til ýmis málefni er tengjast greininni. Þannig fengi talsmaður greinarinnar einnig töl í hendurnar þegar hann talar fyrir hópinn.

Við erum stéttarfélag og hagsmunafélag.

Upplýsingamiðlun og samfélagsmiðlar

Hvernig viljum við haga okkar upplýsingum út á við. Formaður VR skrifar pistla á FB, Vísi eða annað, ekki í tölvupóstum. Gott að benda á fundargerðir og segja þannig frá því sem er í gangi. Gott fyrir félaga ef þeir vita af bæklingum sem verið er að gefa út, reiknivél sem verið er að undirbúa o.þ.h.

Stefna VR að umræðu á samfélagsmiðlum er ekki svarað af félaginu. Sé misskilningur uppi má leiðrétta það í formi upplýsingagjafar á FB síðu deildar. Gott ef hægt sé að deila þeirri síðu á aðrar síður svo við náum til fleira fólks í greininni. Við þurfum að kynna félagið betur á FB síðunni, þ.e. hvað fólk getur fengið hjá félaginu, hvernig greiðslum er háttað til að vera félagi o.s.frv. Starfsmaður VR setur þess háttar á FB síðu og vísar á VR síðuna til að gæta þess að fólk í greininni hafi aðgang að réttum upplýsingum út frá upplýsingum á heimasíðu.

Unnið með að fá boð frá fyrirtækjum sem býður félagsfólki til sín.

Félagatalið er var á síðu Leiðsagnar hefur verið í umræðu og verið er að skoða hvort hægt sé að opna þann þátt af gamla vefnum, á touristguide.is. Félagið vill ekki stunda vinnumiðlun en einfaldast er að opna fyrir þetta gömlu síðunni. Upplýsingum verður ekki ritstýrt heldur verða þær á ábyrgð þeirra er setja þær inn. Ef við myndum útbúa nýtt gæti það tekið 3-4 mánuði en með því að virkja eldri leitarvél gæti þetta opnað fljótlega. Framtíðarsýnin er að síða sem þessi verði hýst utan félagsins. Spurning hver myndi greiða fyrir hana, áður greiddu atvinnurekendur fyrir bækling er gefinn var út í prentformi. Niðurstaðan að athugað verður með opnun fram á vor/haust á eldri síðu en svo skoðað hvert þetta fer.

Taka myndir af jólabókakvöldinu í kvöld og setja á FB síðu deildar.

Gott ef stjórnarfolk setur inn upplýsingar sem þau verða vör við, s.s. frá Vegagerðinni eða öðru. Vilji til að umræða myndast frá fleirum en VR. Fólk sem er í vinnu úti við þekkir betur til aðstæðna þar og skemmtilegra að fá upplýsingar frá þeim en skrifstofufólki. Stjórnarfolk skiptir á milli sín vikum þar sem þau setja inn það sem þau verða vör við að sé að gerast út á við.

Stefán fer yfir reiknivél er útbúin hefur verið til leiðbeiningar fyrir verktaka svo ferðir séu ekki undirboðnar m.v. taxta. Vilji var til að hafa þetta sem einfaldast svo hún verði notendavæn. Reiknivélin verður birt fljótlega.

Starfsleyfis skylda

Farið yfir punkta sem settir hafa verið niður varðandi starfsleyfis skyldu, verður sent á öll eftir fund. Einnig hafði stjórnarmeðlimur tekið saman hvaða Evrópulönd eru með starfsleyfis skyldu í einhverju formi og hefur það verið sent á alla í stjórn.

Fyrrum stjórnarmeðlimir höfðu tekið hring á ýmsar stofnanir, s.s. Ferðamálastofnun, EHI, Umhverfisstofu o.fl. Kom þar í ljós mikil velvild að þessu verkefni. Mögulega þarf að kanna aftur stöðuna hjá þeim stofnunum sem áður hafa verið leitað til. Einnig væri gott að fá upplýsingar frá þeim er voru í eftirlitinu í sumar s.s. vinnustaðaeftirlitinu og lögreglunni. Þegar að því kemur þurfum við að vera tilbúin með okkar gögn.

Punktarnir sem voru útbúin verða settir í Google Docs til deilingar á FB síðu stjórnar. Þar getur fólk breytt og bætt svo það verði tilbúið á fundi í janúar.

Verið að vísa hópstjórum frá UK, USA og Kína frá landi í Keflavík. Best að hópstjórnarnir myndu þurfa að fá leiðsögumann með sér en 10% af þeim sem voru stöðvaðir í sumar voru ekki með íslenska kennitölu og því fara allar þær tekjur út úr landi.

Við þurfum að skoða hvernig við viljum að lokaniðurstaðan sé. Gefa þarf fólki rými til að verða við kröfum svo til að byrja með þyrfti einhvern „afslátt“ en þeir sem búnir eru með nám ættu að geta gengið beint inn. Nýtt fólk þyrfti að fara á námskeið og hafi ákveðið langan tíma til þess. Þá þarf raunfærnimat að vera tilbúið og hvað tekur við að því loknu.

Skráning í deildina, umsókn plastskírteinis og félagatalið

Skráningin í deildina komin í lag á mínum síðum á vr.is

Umsókn um plastskírteini. Farið yfir tölfræði um hve margir sóttu plastskírteinin en þau voru fá miðað við fjölda í deildinni. Vilji deildarinnar að halda útgáfu þeirra áfram. Mögulega sóttu fáir um því upplýsingar um hvar þau skyldi nálgast voru ábótavant.

Farið yfir hugmyndir um hvernig plastskírteinið yrði útfært 2026, nefnd rafræn leið þar sem allir sem hafa hafið störf til félagsins fá send rafræn skírteini. Hafa þarf í huga fólk sem starfar tímabundið sem leiðsögufólk, þ.e. að þau geti nálgast skírteini við upphaf starfs, ekki þegar gjöld hafa skilað sér.

Skjöldurinn – hugmynd um að þær fræðslumiðstöðvar sem uppfylla mat á staðlinum sjái um útdeilingu skjaldarins við útskrift. Vert að skoða hvort félagið vilji kynna sig stuttlega í náminu, sem og mismunandi ráðningarform leiðsögufólks o.fl.

Félagatalið. Var farið yfir áðan.

Önnur mál

Við þurfum að komast í nefndir sem starfa að ferðamálum, söfnum saman hugmyndum fyrir næsta fund.

Pétur Gauti og Örvar tengiliðir vegna fræðslu.

Fólk sem hefur lokið námi og aldrei unnið sem leiðsögufólk en greiddi áður aðildargjaldið hafa ekki aðgang að. Ef eitthvað er haldið fyrir félagið eiga þau ekki rétt á námskeiðum og viðburðum nema þau greiði til félagsins. Ef hins vegar væri haldið málþing, morgunfundir eða annað þá væri það opið öllum.

Fundur 6. janúar kl. 13 – 16 í stað 10-12.

Ökuleiðsögufólk – staðfest á fundi nýlega hjá Samgöngustofu að yfirmenn hjá Samgöngustofu getur ekki skrifað upp á það að hægt sé að vinna annað starf með akstri þar sem það samrýmist ekki lögum og reglum. Í raun er þó ekkert í lögum sem bannar að tala við akstur, sé það gert með handfrjálsum búnaði. Leiðsögumaður er að segja eitthvað sem hann veit, hann er ekki að hlusta á aðra. Þarf að gæta vel að því hvernig haldið verði áfram með þetta.

Fundi slitið kl. 16:25.